



## LÁNAMÁL RÍKISINS

Kalkofnsvegi 1 150 Reykjavík  
sími: 569 9600 bréfasími: 569 9604  
netfang: lanamal@lanamal.is  
veffang: <http://www.lanamal.is>

### Fréttatilkynning

31. mars 2022

## Ársfjórðungsáætlun í lánamálum ríkissjóðs

### Annar ársfjórðungur 2022

- Á öðrum ársfjórðungi verða boðin til sölu ríkisbréf í markflokkum fyrir **40-60 ma.kr.** að söluvirði<sup>1</sup>.
- Flokkar sem mögulega verða boðnir út eru allir markflokkar ríkisbréfa og munu markaðsaðstæður ráða því hvort og þá hversu mikið verður selt í hverjum flokki.
- RIKB 22 1026 fellur úr tvíhliða viðskiptavakt í lok apríl.

### Inngangur

Í ársáætlun frá Lánamálum ríkisins fyrir árið 2022 var tilkynnt að útgáfa ríkisbréfa yrði 160 ma.kr. að söluvirði á árinu. Útgáfa á fyrsta ársfjórðungi nam 58,3 ma.kr. að söluvirði. Eins og þessi ársfjórðungsáætlun gefur til kynna er stefnt að því að útgáfa ríkisbréfa á fyrri helmingi ársins 2022 verði meiri en útgáfan á seinni helmingi ársins.

### Fyrirhuguð útgáfa ríkisbréfa

Heildarútgáfa ríkisbréfa á öðrum ársfjórðungi er áætluð á bilinu **40-60 ma.kr.** Líkt og í síðustu ársfjórðungsáætlunum verður áætluð hámarksútgáfa í einstökum flokkum ekki birt enda mikilvægt að ríkissjóður hafi svigrúm til að ákvarða útgáfu á milli flokka eftir markaðsaðstæðum hverju sinni.

### Uppkaup – skiptiútboð

Möguleiki er á uppkaupum eða skiptiútboðum þegar RIKB 22 1026 fellur úr tvíhliða viðskiptavakt í lok apríl nk. Ávöxtunarkjör, þátttaka og aðstæður á markaði munu ráða því hvort og þá hvaða markflokkar verða boðnir út í skiptiútboðum og hversu mikið verður selt með þeim hætti.

---

<sup>1</sup> Með söluvirði er átt við hreint verð (clean price) með áföllnum verðbótum á höfuðstól þ.e. verð með verðbótum án áfallinna vaxta.



## LÁNAMÁL RÍKISINS

### **Fyrirhuguð útgáfa ríkisvixla**

Vegna þeirrar óvissu sem enn ríkir um efnahagsleg áhrif heimsfaraldursins er sveigjanleiki í vixlaútgáfu mikilvægur og til greina kemur að bæta við útboðum á ríkisvixlum umfram það sem fram kemur í útgáfudagatali Lánamála.

Frekari upplýsingar um útgáfur einstakra flokka ríkisbréfa og ríkisvixla verða birtar tveimur virkum dögum fyrir hvert útboð.

Nánari upplýsingar veitir Björgvin Sighvatsson forstöðumaður Lánamála ríkisins í síma 569 9600.